

# Ásta Rannveig Kristjánsdóttir

*Fædd 27. febrúar 1950*
*Dáin 12. júní 2024*

*Útför frá Akraneskirkju*
*þriðjudaginn 25. júní 2024*

# *Forspil*

*Air úr svítu nr. 3*

*J. S. Bach*

# *Bæn*

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

*Adams - Matthías Jochumsson*

# *Ritningarorð*

Drengurinn minn, draumur míns hjarta,
dýrlegust gjöf móður ert þú.
Eiga þú munt ævina bjarta,
óskin mín besta' er til þín sú:

Góða nótt, þú glókollur minn,
glöð og sæl ég strýk þína kinn.
Góða barm ég guði þig fel,
góða nótt, og dreymi þig vel.

Hreykin ég er af þessum snáða,
uppvaxinn mun fallegur sveinn.
Frumburður minn, fæddur til dáða,
fremri þér verður ekki neinn.

Góða nótt, ég sveipa þig sæng,
sofðu rótt sem ungi' undir væng.
Okkur, sveinn, er gæfan svo góð,
góða nótt, ég syng þér mitt ljóð.

Ætti' ég ei þig, eflaust ég væri
einmana sál, gleðilaust hér.
Vagga ég þér ,vinurinn kæri,
væran í blund í örmum mér.

Góða nótt, senn gleymi ég mér,
gott mér finnst að sofna hjá þér.
Hér mun guð nú gefa okkur tveim
góða nótt í draumanna heim.

Aldrei hjá þér svefnsins ég sakna,
senn fæ ég blund þína við hlið.
Litlum hjá dreng, ljúft er að vakna,
ljómandi dagur tekur við.

Góða nótt þú, glókollur minn,
glöð og sæl ég strýk þína kinn.
Góða barn, ég guði þig fel,
góða nótt, og dreymi þig vel.

*Erlent lag - Egill Bjarnason*


















ROLTAN



















## *Ritningarorð*

Ó, þá náð að eiga Jesú,
einkavin í hverri þraut.
Ó, þá heill að halla mega
höfði sínu' í Drottins skaut.
Ó, það slys því hnossi' að hafna,
hvílíkt fár á þinni braut
ef þú blindur vilt ei varpa
von og sorg í Drottins skaut.

Eigir þú við böl að búa,
bíðir freistni, sorg og þraut,
óttast ekki, bænin ber oss
beina leið í Drottins skaut.
Hver á betri hjálp í nauðum?
Hver á slíkan vin á braut,
hjartans vin sem hjartað þekkir?
Höllum oss í Drottins skaut.

Ef vér berum harm í hjarta,
hryggilega dauðans þraut,
þá hvað helst er Herrann Jesús
hjartans fró og líknar skaut.
Vilji bregðast vinir þínir,
verðirðu' einn á kaldri braut,
flýt þér þá að halla' og hneigja
höfuð þreytt í Drottins skaut.

*Erlent lag - Matthías Jochumsson*

## *Guðspjall*

Allt mitt líf er andartak í tímans hafi
og öll þín tár þar tínast eitt og eitt.
Kóngur einn dag, þann næsta ertu í bólakafi,
þú reynir sund sem þýðir ekki neitt
og eftir situr sársaukinn
og stundum svolítil hamingja.

Ef þú skyldir finna hana,
í öllum bænum gríptu hana.
Ég sem týndi sjálfum mér,
fann hana og missti hana.
Eftir sit ég hugstola,
svo ömurlega einmana.

*Magnús Eiríksson*

## *Minningarorð*

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

*Amerískt þjóðlag -*
*Pétur Þórarinsson*

## *Bæn / Faðir vor*

Ó, Jesús bróðir besti
og barnavinur mesti,
æ, breið þú blessun þína
á barnæskuna mína.

Mér gott barn gef að vera
og góðan ávöxt bera,
en forðast allt hið illa,
svo ei mér nái’ að spilla.

Það ætíð sé mín iðja
að elska þig og biðja,
þín lífsins orð að læra
og lofgjörð þér að færa.

Með blíðum barnarómi
mitt bænakvak svo hljómi:
Þitt gott barn gef ég veri
og góðan ávöxt beri.

*Erlent lag - Páll Jónsson*

## Moldun

*Almennur söngur*

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Foersom / Sveinbjörn Egilsson -*
*P.C. Krossing 1820*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthías Jochumsson -*
*P.C. Krossing 1820*

## Blessun

## Eftirspil

*You’ll Never Walk Alone*

*Erlent lag*

*Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir*
*Organisti: Hilmar Örn Agnarsson*
*Söngur:  Tindatríó – Bjarni Atlason,*
*Guðlaugur Atlason og Viðar Guðmundsson*
*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

***Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness að bálför lokinni***

***Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***

*Litróf umhverfisvæn prentsmiðja*